



Fundargerð hreppsnefndar 09. apríl 2015

Fundur nr.19 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 9. apríl 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Friðrik Óli Atlason, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Víglundur Páll Einarsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerðir:

a. Fræðslunefndar dags. 5. mars 2015
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b. Stjórnar samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 10. mars 2015
Lagt fram til kynningar.

c. Menningarmálanefndar dags. 11. mars 2015
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

d. Stjórnar SSA dags. 13. mars 2015 (11. og 23. febrúar 2015)
Lagt fram til kynningar.

2. Almenn mál:

a. Kosning fulltrúa á ársfund Austurbrúar ses sem haldinn er 28. apríl 2015
Samþykkt samhljóða að fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á ársfundi Austurbrúar verði Ólafur Áki Ragnarsson.

b. Kosning fulltrúa á aðalfund SSA sem haldinn verður á Djúpavogi dagana 2. og 3. október 2015
Samþykkt að fresta afgreiðslu til næsta fundar.

c. Kosning fulltrúa á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem haldinn verður í Salnum í Kópavogi 17. apríl nk.
Samþykkt samhljóða að Stefán Grímur Rafnsson verði fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á aðalfundi LS.

d. Ársfundur Starfsendurhæfingar Austurlands haldinn á Egilsstöðum 20. apríl nk.
Lagt fram til kynningar.

e. Úrskurður þar sem fjallað er um sorphirðu og sorpförgun
Lagt fram til kynningar.

f. Tekið fyrir bréf frá Gísla Arnari Gíslasyni
Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir málinu og síðan samþykkti sveitarstjórn samhljóða eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps felur sveitarstjóra í samráði við lögmann Sambands íslenskra sveitarfélaga að ganga frá kröfu Gísla Arnars Gíslasonar á hendur Vopnafjarðarhreppi varðandi greiðslu skólagjalda Eddu Bjarkar Vatnsdal til Tónlistarskólans á Akureyri í samræmi við lög og reglugerðir um eflingu tónlistarnáms.

Sveitarstjórn felur jafnframt sveitarstjóra í samráði við fræðslunefnd að vinna drög að reglum um aðkomu sveitarfélagsins að tónlistarnámi á framhaldsskólastigi. Sveitarstjóra og fræðslunefnd verði falið að fara yfir málefni Tónlistarskóla Vopnafjarðar með hliðsjón af því að efla starf skólans.

g. Tekið fyrir bréf frá Hringrás

Lagt fram bréf frá Hringrás, erindið rætt og auk þess fór fram almenn umræða um sorpmál í sveitarfélaginu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 16:55